Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

STÉTTABARÁTTAN VIKUBLAÐ MÁLSVARI VERKAFÓLKS!
Ársáskrift .... 3000kr.
Hálfsársáskrift........ 1800kr.
Ársfjórðungsáskrift.... 1000kr.
Baráttuáskrift (gildir fyrir heilt ár).......... 5000kr.

24. tölublað | Þriðjudag 28. Júní | 6. árgangur | Verð kr. 60.

Samningarnir samþykktir

félagsfundur í Dagsbrún

Fimmtudaginn 23. júní var haldinn fundur í Austurbæjarbíói á vegum Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Þar voru mættir um 300 Dagsbrúnarverkamenn. Eðvarð Sigurðsson var fundarstjóri og Guðmundur J. Guðmundsson hélt framsöguræðu um samningana og skoraði á fundarmenn að samþykkja nú þessa samninga. Hann lýsti fyrir mönnum hvílíkir ágætissamningar þetta væru, en sagðist harma, að ekki hefði náðst meira fram. Eftir að hann hafði fjallað um samningana fram og aftur kom þó að því að hann hætti loksins. Þá var klukkan 10.30 og Eðvarð tilkynnti mönnum að greiða yrði atkvæði um samningana klukkan 11 vegna þess að fréttin yrði að komast í fjölmiðla. Sem sé samningar sem við eigum að fá borgað eftir í hálft annað ár og við höfum rétt rúman hálftíma til að tjá okkur um þá og gera fyrirspurnir. En hvað um það 6 menn komu upp og töluðu um samningana og allir lýstu þeir því yfir að þetta væru lélegir samningar og svik við verkafólk. En eins og málum væri nú komið sökum óhæfrar forystu ASÍ gæti verkafólk tæpast haldið aðgerðum áfram í bili.

Tveir félagar Kommúnistaflokksins töluðu á fundinum. Rakti annar þá áframhaldandi kjaraskerðingu, sem samningarnir fælu í sér. Hinn tók fyrir þá skaðlegu endurbótastefnu sem rekin hefur verið og eins hve hættuleg sú "láglaunastefna" væri sem ASÍ-forystan heldur uppi. Því sú stefna felur í sér að etja verkafólki saman innbyrðis í stað þess að sameina það gegn borgarastéttinni. Síðan voru greidd atkvæði um samningana og voru þeir samþykktir með eins og Eðvarð sagði öllum þorra atkvæða gegn 14. Síðan bar hann upp hátíðlega orðaða ályktun þar sem lýst var yfir að nú væri verkalýðshreyfingin búin að snúa vörn í sókn o.s.frv. Þá voru menn staðnir upp og byrjaðir að ganga út. Greiddu þeir sem nenntu að lyfta hendinni atkvæði með og 1 grínisti var á móti. Slíkt er ábyrgðarleysið hjá Dagsbrúnarstjórninni, hún heldur engan félagsfund meðan á samningunum stendur og síðan eru tveggja og hálfs kl.st. umræður og búið er að samþykkja samningana án þess að nærri allir viti í raun hvað samningarnir fela í sér. Dagsbrúnarstjórnin var spurð að því á fundinum hvort sérsamningarnir um kaffitímana hjá Eimskip hefðu verið teknir út úr aðalsamningum. Þetta mál er mjög viðkvæmt fyrir stjórnina að minnsta kosti svarar hún aldrei slíkum spurningum, heldur skellir bara skollaeyrum við.

félagsfundur í Iðju

Iðja hélt félagsfund á laugardag þar sem samningarnir voru samþykktir. Fátt var á fundinun um eða aðeins á annað hundruð manns. Tóku nokkrir til máls og lýstu skoðun sinni á samningunum. Bent var á þann mikla mun, sem væri á kröfum verkalýðshreyfingarinnar og árangri og jafnframt á þann mun, sem ekki væri minni, á orðum framámanna hreyfingarinnar fyrir og eftir samninga. Ennfremur voru einstök atriðr rakin og rædd. Í fjölrituðum pésa, sem dreift var frá ASÍ, er getið um kaupmáttaraukningu í prósentum á samningstímanum og síðan sagt: "Í þessum tölum er ekki tekið tillit til áhrifa væntanlegra 'skattalækkanna" Einu breytingarnar á skattalögunum eru á tekjuskatti og munu þær ekki koma til góða þeim lægst launuðu sem ekki komast yfir 20% markið (þ.e. 1400þús fyrir hjón). Auk þess eru fleiri skattar til sem geta hækkað án lagabreytinga. Söluskattur er hlutfall af vöruverði. Hann kemur til með að hækka gífurlega ef atvinnurekendur ná fram kröfum sínum um "leiðréttingu á vöruverði". Þá var bent á að lífeyri þegar eiga ekki að njóta sömu krónutöluhækkana og aðrir fá, þeir yrðu kannski of saddir af! En svo menn verði ekki svartsýnir skal bent á að ríkisstjórnin lofar og gefur vilyrði og heitir að beita sér fyrir framkvæmd yfirlýsinga allt frá árinu 1974. Hörð gagnrýni kom á seinagang við samningana og bent á að harðar aðgerðir strax hefðu orðið til þess, að við fengjum miklu fyrr að minnsta kosti þessa kauphækkun ef ekki meiri.

Þar sem traust manna á samninganefndinni var ekki mikið, þótti ekki árangurs von, þótt samningarnir væru felldir. Voru þeir því samþykktir með öllum þorra atkvæða gegn 6.



Félagsfundurinn í Verkamannafélaginu Dagsbrún var eins og sést á myndinni, frámunalega illa sóttur. Þar kom berlega í ljós að baráttuaðferðir ASÍ-forystunnar hafa kostað verkafólk hlutfallslega meiri fórnir en atvinnurekendur.

Samningarnir við Ísal

23. júní undirrituðu hlutaðeigandi verkalýðsfélög samning um kaup og kjör við Íslenska Álfélagið. Samningur þessi er að mestu samhljóða samningnum á almennum vinnumarkaði, nema hvað hækkanirnar koma í prósentuhlutfalli á launaflokkana, þannig að verkamenn hjá álverinu bera meir úr býtum en aðrir verkamenn, hvað snertir krónutölu. Hins vegar gildir þessi samningur til 1. febrúar 1979 eða tveim mánuðum lengur en annars staðar og verður slíkt að teljast mikill galli, því vissulega er það hagkvæmara fyrir verkalýðsstéttina í heild að hún gangi sameinuð til baráttunnar, en ekki að einstaka hærra launaðir hópar bíði eftir hinum til þess kannski að fá meira en þeir.

Framhald á 3. síðu

Skipuleggjum betur næstu baráttuaðgerðir

Nú er mikilvægt að menn velti fyrir sér á allar hliðar hvaða baráttuaðferðir í kjarabaráttunni, sem beitt hefur verið frá því 1. maí, hafa leitt okkur götuna fram eftir veg og hverjar hafa verið máttlitlar eða tiltölulega máttlausar. Síðarnefndu aðferðirnar hafa komið verr niður á verkafólki heldur en atvinnurekendum. Af þessari kjarabaráttu megum við einmitt mikið læra og af þeim lærdómi verðum við að draga niðurstöður. Þannig komum við í veg fyrir endurtekningu mistaka og tryggjum það að beittustu vopnum sem við höfum yfir að ráða sé beitt. Slíkar niðurstöður er ekki hægt að draga án undangenginnar rannsóknar og nákvæmrar umræðu. En einmitt þannig þróum við okkur fram á við í stéttabaráttunni.

Niðurstöður

Í fyrsta lagi er ljóst að yfirvinnubannið var sett á of seint, þannig að atvinnurekendur fengu nægan tíma til að undirbúa sig fyrir yfirvofandi vinnustöðvanir
Í öðru lagi sýndu hafnarverkamenn alþjóð fram á kraftmesta verkfallsvopnið, sem legið hefur niðri hér á landi svo nokkru nemi í áratugi. Það kom nú fyrirvaralaust og illa við kaunin á atvinnurekendum og bandamönnum þeirra - forystumönnum ASÍ. Þessi aðferð þ.e. skæruverkföllin, miðar að því að stöðva mikilvægustu atvinnugreinarnar s.s. þær sem auðhringar (SH, SÍS, Flugleiðir, Eimskip) reka. Auk þess getur verkafólk sem ekki er í verkfalli stutt verkfallsmenn fjárhagslega. Fleiri leiðir eru til fjáröfluna t.d. skemmtanahöld og samskot.
Í þriðja lagi afhjúpaði ASÍ-forystan þjónslund sína við atvinnurekendur þegar hún snérist gegn skæruverkfallsbaráttunni, sem verkafólk ætlaði sér að beita hiklaust, til að knýja fram sigur.
Í fjórða lagi varð ASÍ-forystan að sýna lit og yfirborðsróttækni, sem hvort tveggja hamlaði gegn skæruverköllunum og breiddi yfir þá staðreynd að ætlunin væri að standa gegn þeim. Þessi úrræði ASÍ-forystunnar birtust í mynd dagsverkfalla og svokallaðra "skyndi"verkfalla. Þessi verkföll voru boðuð með löngum fyrirvara og urðu því tiltölulega máttlaus. Þau voru óskipuleg skrifborðs ákvörðun sem engan veginn miðaði að því að hitta atvinnurekendur í hjartastað. Það er mjög mikilvægt fyrir verkfallsbaráttuna að vinnustaðirnir séu rannsakaðir hlutlægt og eins afstaða þeirra til þjóðfélagsins, hvers um sig, til að hægt sé að beita þeirri aðferð sem hentar best á hverjum stað.
Í fimmta lagi sameinaði krafa ASÍ-forystunnar engan veginn launafólk til baráttu. Því baráttan stendur að sjálfsögðu um það að verkafólk geti lifað af dagvinnutekjunum.
Í sjötta lagi þóttist ASÍ-forystan vera mjög róttæk með því að ætla undir lokin að skella á hafnbanni fyrirvaralítið. Slíkt hefði verið mjög jákvætt og mátt koma fyrr, en ASÍ-forystan ætlaði sér aldrei að beita því. Hún vissi sem var að samningarnir voru á lokastigi og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir hafði sjálf sagt að ASÍ-forystan væri á móti slíkum aðgerðum og að hún ræddi þær ekki einu sinni.
Í sjöunda lagi kom berlega fram hversu lítið er að marka orð forystumanna ASÍ. Efndirnar verða aldrei nema brot af mælginni. T.d. taldi Björn Jónsson Vestfjarðasamkomulagið vera fyrir neðan allar hellur, en sagði síðan í viðtali við Þjóðviljann að samningar ASÍ og VSÍ næðu til baka kjaraskerðingum s.l. 4 ára. Eitt í dag, annað á morgun.
Miklu fleiri lærdómum má við þetta bæta og mörg mistökin í þessari baráttu eru endurtekning á fyrri mistökum.



Hvað ber að gera

Þegar í ljós er komið við at-

Framhald á 3. síðu

Samningar rafvirkja við Reykjavikurborg

Eftir að verkfall rafvirkja hjá Reykjavíkurborg hafði staðið í tæpar 3 vikur náðust samningar. Deilan snerist fyrst og fremst um að fá borgina til að viðurkenna Félag íslenskra línumanna (FÍL) sem samningsaðila fyrir þá línumenn, sem vinna hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkurborgar (RR). Þessi aðalkrafa náðist að mestu fram. Þó verður nokkur dráttur á því, að línumenn RR fái laun greidd eftir samningum FÍL. Aðrar kröfur, sem allar voru um breytingar og bætt vinnuskilyrði hjá RR, náðust fram.
Þessu verkfalli hefur því lokið með fullum sigri verkafólksins, sem með órofa samstöðu náði merkum árangri.
Það sem þó er ekki síður mikilvægt er að reynsla rafvirkja hjá RR hefur aukið baráttu reynslu þeirra og gert þá færari til áframhaldandi baráttu.
Allan tímann meðan verkfallið stóð var höfð ströng verkfallsvakt, sem menn skiptu á milli sín, og ákvarðanir um undanþágur og annað slíkt voru teknar af verfallsmönnunum sjálfum sameiginlega. Á hverju kvöldi voru haldnir fundir þar sem staðan var rædd, auk annars sem mönnum lá á hjarta. Þessir fundir reyndust vera algjörlega nauðsynlegir þegar líða tók á verkfallið. Því á þessum fundum var hægt að kveða niður allskonar fullyrðingar, sem yfirmenn RR voru að breiða út til að sundra samstöðunni.
Eftir þessa reynslu eru rafvirkjar hjá RR reynslunni ríkari um það hvernig á að standa að verkfallsaðgerðum og það sem er mikilvægara, þeir vita betur en áður hvernig hægt er að koma í veg fyrir að samstaðan riðlist. Með því að setja traust sitt á fjöldann vannst sigur og það er sú leið, sem æ fleiri munu fara í framtíðinni til að vinna sigra í baráttunni.

LEIÐARI:

Að loknum kjarasamningum

Nú hafa kjarasamningar enn einu sinni verið undirritaðir og fólk því farið að meta það sem náðst hefur í þetta sinn.

Í herbúðum VSÍ er talað um að nú hafi verið gerðir enn einir verðbólgusamningarnir.

ASÍ forystan telur samningana góða og jafnvel þá bestu sem náðst hafa um langt skeið. Þó vantar töluvert uppá að þær kjarakröfur, sem settar voru í upphafi, næðust fram.

Kaupha[illegible]kunin varð helmingi lægri. Samningstíminn 18 mánuðir í stað 12 eins og áætlað var. Full vísitölutrygging náðist heldur ekki fram, en þó tókst að ná fram minni skerðingu á vísitölunni en í síðustu kjarasamningum. Það má segja að það hafi aðeins verið eitt atriði sem tókst bærilega, en það var að tryggja að allir fengju þessar litlu kjarabætur í krónutölu en ekki prósentum. Í þessum kjarasamningum hefur launabilið því minnkað milli félaga innan ASÍ. Þetta er í stórum dráttum það sem "unnist" hefur í þessum kjarasamningum.

Nokkrir svokallaðir "róttækir" hópar studdu kröfur og stefnu ASÍ í kjaradeilunni nú og er það breyting frá því sem áður var. Einn hópurinn talaði mikið um að kröfugerð ASÍ væri skynsamleg og ekki það há, að henni mætti ná allri fram strax. Aðalatriðið væri að fylkja sér um ASÍ og láta þá jafnvel eina um að flytja áróður og skýra stefnuna 1. maí. Enn annar hópurinn (sem kennir sig við marx-lenínisma) var sammála þeim fyrri um að kröfunum yrði öllum náð fram í þessum samningum. Þessi hópur áleit líka, að rétt væri að styðja ASÍ kröfurnar, því verkalýðnum væri mikilvægt "að læra að sigra" eins og þeir sögðu.

Nú hefur komið í ljós að þetta var marklaust kjaftæði. Eini ávinningurinn af stefnu þessa fólks er að ASÍ forystan hefur styrkt stöðu sína en stuðningurinn við forystuna hefur ekki þröngvað henni til að standa í neinu á kröfugerð sinni. Aftur á móti hefur áróður þessarra hópa aukið tiltrú "róttæks" fólks innan verkalýðshreyfingarinnar á forystunni og stefnu hennar, í málefnum hreyfingarinnar.

Kommúnistaflokkurinn benti strax á mikilvægi þess að setja fram kröfur, sem þjónuðu því markmiði að dagvinnan ein nægði til framfærslu. Í fjölmörgum greinum sem skrifaðar voru um þetta mál í Stéttabaráttuna var bent á að ASÍ væri að setja fram sömu kröfur nú og í síðustu samningum. Munurinn væri aðeins sá, að þá voru þær settar fram í prósentum en nú í krónutölu. Það sem ASÍ var raunverulega að gera var að blekkja fjöldann með háum tölum til að fólk áttaði sig ekki á því, að þrátt fyrir 100 þús. kr. gat það ekki lifað af dagvinnunni einni. ASÍ forystan var einnig jafnötull talsmaður stéttasamvinnu og áður. Stuðningur við hana var því stuðningur við stéttasamvinnuna.

Þeir lærdómar sem hinir ístöðulitlu róttæklingar verða að draga af stuðningsstarfinu við stefnu ASÍ, er að í kjarabaráttunni verður stefnan að vera: "Lífvænleg laun fyrir 40stunda vinnuviku". Hvað varðar forystuna, þá verðum við að setja allt traust okkar á fjöldann, því forystan mun svíkja. Það að setja traust sitt á forystuna, eins og sumir hinna róttæku gerðu nú, leiðir aðeins til ósigurs þeirra, sem vilja endurreisa félögin sem virk baráttutæki.

Sjálfsagt hefur forysta róttæku hópanna ætlað að skapa sér vinsældir innan hreyfingarinnar, með því að taka undir með ASÍ forystunni, en þær vinsældir eru of dýru verði keyptar. Við megum aldrei slaka á klónni gagnvart uppkeyptu forystunni innan verkalýðshreyfingarinnar. Því eftirgjöf á grundvallaratriðum er ekkert annað en hrein svik við stefnuna og ef stuðningur við sviksamlega stefnu ASÍ forystunnar er ekki spurning um grundvallaratriði í stefnu þessarra hópa eiga þeir enga samleið með KFÍ ml sem berst óaflátanlega gegn fimmtu herdeildinni innan verkalýðsfélaganna. En það er uppkeypta forystan, sem þiggur mútur bæði beint og óbeint á ótal vegu frá borgarastéttinni. Þessir svikarar eru helsti talsmaður borgarastéttarinnar innan félaganna og sterkustu vígi þeirra eru ASÍ stjórnir og nefndir. Þessa er mikilvægt að minnast er við metum niðurstöður samninganna.

Hvað er í pakkanum?

Bæði fullrtúar í samninganefndum VSÍ og ASÍ hafa löngum gefið út þær yfirlýsingar að það fengist ekki raunhæf mynd af árangri samningaviðræðnanna fyrr en það væri komið á hreint hvað væri í "pakka" þeim sem ríkisvaldið hyggðist færa launafólki til þess að stuðla að lausn deilunnar. Nú hafa þessir háu herrar skrifað undir samninga um kjör verkafólksins og pakkinn er kominn svo það væri e.t.v. ekki úr vegi að líta ögn nánar á innihaldið.



Geir sagði, að við hefðum ekki ræktað með okkur "sparnað og nýtni, varfærni og forsjálni."

Innihaldið samanstendur af loforðum og víljayfirlýsingum um hina ýmsu málaflokka. Athugum nokkra þeirra:

Skattamál: Ríkisvaldið hefur sett bráðabirgðalög sem breyta skattstiganum þannig: Eftir breytinguna greiða hjón 20% af fyrstu 1400 þús. 30% af næstu 600 þús. og 40% af því sem fer yfir 2 milljónir. Einstaklingar eiga að greiða: 20% af fyrstu 1 milljóninni. 30% af næstu 400 þús. 40% af því sem fer umfram 1400þús. Tekjuskattur er alltaf tekinn af nettótekjum, eftir að frádráttarliðir hafa verið dregnir frá, þar með talinn t.d. helmingsafsláttur konu.

Breytingin er í því fólgin að í skattstigann er bætt inn einu skattþrepi, 30% þrepinu, en 20% þrepið er hækkað um nokkur þúsund.

ASÍ forystan heldur því óspart fram að þessi skattabreyting komi fyrst og fremst lágtekju og miðlungstekju fólki til góða. Staðreyndin er hins vegar sú að þessi skattbreyting kemur aðeins vel við hátekjufólk og hluta þess er hefur miðlungstekjur. Mest getur lækkunin á skattinum numið 67 þús kr (tæpum). Lygar ASÍ broddanna byggbyggjast á því að þeir tala ávallt um brúttótekjur launafólks en ekki nettótekjur. (Nettótekjur eru samkvæmt úrtaki þjóðhagsstofnunar að meðaltali 21% lægri en brúttótekjur).

Sem dæmi um fólk sem ekki nýtur góðs af breytingunni eru hjón sem vinna svokölluð láglaunastörf, t.d. Iðjufélagar. Meðalmánaðartekjur eiginmanns manns (með eftirvinnu) má áætla 80 þús, en 60 þús hjá konunni. Samanlagðar skatttekjur hjónanna eru því 1320 þús. Sem sagt engin skattalækkun fyrir þau. Með þessum bráðabirgðalögum hafa því atvinnurekendur ríkisvald og ASÍ klíkan sameinast við að svíkja sína margyfirlýstu jafnlaunastefnu.

Tekjur ríkissjóðs þurfa alls ekki að minnka neitt þrátt fyrir þessa breytingu, og er raunar líklegt að þær aukist töluvert frekar en hitt. Tekjuskatturinn er aðeins lítill hluti heildarskattgjaldstekna ríkissjóðs og söluskattstekjurnar sem eru miklu stærri þáttur munu örugglega aukast verulega, bæði vegna aukins kaupmáttar og þess að verlag á söluskattsskyldun vörum og þjónustu mun stórhækka. Það staðfesta orð fulltrúa atvinnurekenda í útvarpinu, þegar skrifað var undir, en hann sagði að "...að sjálfsögðu



Ólafur hafði ekkert að segja.

yrði að endurskoða alla verðlagningu og hækka vöruverð vegna samningana".

Auknar niðurgreiðslur á búvörum. Þessi liður á að fela í sér lækkun á framfærsluvísitölu sem nemur 1,5%. VIð síðustu verðákvarðanir Verðlagsráðs landbúnaðarins hafa niðurgreiðs-

Framhald á bls 3.

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15. Opin mánud. til föstud. kl. 15:00 - 18:30.

Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvalds Reykjavíkurvegi 24.

Akureyri: Jón Atli Játvarðsson Hafnarstræti 13.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10, Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðastræti 7.
Neskaupsstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.

Til lesenda

Eftir þetta blað, sem er 24. tbl á árinu munu koma út tvö tölublöð fram að sumarleyfi starfsfólks Stéttabaráttunnar. Samkvæmt áætlun um útgáfu vikublaðsins mun STÉTTABARÁTTAN ekki koma út frá miðjum júlí og fram í miðjan ágúst. Þessi tilhögun er nauðsynleg bæði vegna þess að starfsmenn blaðsins þurfa lögbundið frí, eins og aðrir, auk þess sem hluti tímans mun verða varið til að meta reynsluna af vikublaðinu, sem nú hefur komið út reglulega í hálft ár. Verður tíminn að einhverju leyti notaður til að endurskipuleggja útgáfuna, seinni helming ársins, bæði hvað efni, vinnslu og útbreiðslu blaðsins áhrærir.

Útgáfuáætlun blaðsins næstu vikur er þannig: 5 júlí kemur út 25. tbl 1977 þann 12. júlí 26. tbl. Næsta blað því á eftir kemur síðan út þriðjudaginn 16. ágúst. Þessi útgáfuáætlun gæti þó breyst þannig að gefin væru út aukablöð af STÉTTABARÁTTUNNI ef sérstakt tilefni þætti til.

/Ritnefnd.



... í Stuttu máli

SAMEINAÐUR KOMMÚNISTAFLOKKUR ÍTALÍU STOFNAÐUR.

Frá 6-8 maí sl. var haldið sameiningarþing á Ítalíu og stofnaður var Sameinaður kommúnistaflokkur Ítalíu. Fern samtök stóðu að stofnuninni.

Í skýrslu til þingsins ræddi aðalritarinn, Osvaldo Pesce, m.a. um samkeppnina milli risaveldanna um heimsyfirráð. Hann benti á að samkeppnin milli þeirra væri orðin harkalegri og hennar sæi stað í öllum heimshöfum, öllum heimsálfum og meira að segja úti í geimnum.

Hann benti einnig á að Evrópa sem var bitbein heimsvaldasinna í tveimur fyrri heimsstyrjöldum, verður það í þeirri þriðju, sem er fyrirsjáanleg enda reyna sovésku heimsvaldasinnarnir í Kreml að koma sér í mjúkinn hjá þjóðhöfðingjum vesturlanda á sama tíma og þeir reyna að sölsa undir sig lönd í Austurlöndum nær og víðar, og loka þannig Evrópu af. Risaveldin eru að brýna klærnar og sovésku heimsvaldasinnarnir eru árásagjarnastir og af þeim stafar mest hætta. (Peking Review).

HVER Á FORMÓSU ?

Chiang-Kai-Sjak-klíkan á Formósu hefur komið upp sérstökum lokuðum svæðum fyrir erlenda kapítalista. Með þessu geta erlendir kapítalistar fjárfest á Formósu og náð hámarksgróða með ódýru vinnuafli.

Þessi svæði hafa verið sett upp á þremur stöðum frá því 1966. Þar reisa erlendu auðfyrirtækin verksmiðjur sínar og eru svæðin um 182 hektarar og þar starfa um 75. þús. verkamenn.

Erlendu fjárfestingarnar njóta verndar. Þannig eru svæðin afgirt og gætt af vopnuðum vörðum og enginn fær að komast um þau án þess að ganga í gegnum ítarlega leit.

Fyrirtækin eru undanþegin tollum og vörugjöldum og öðrum gjöldum af inn- og útflutningi á vélum, tækjum, hráefnum, eldsneyti. Ýmist eru þau undanþegin eða fá afslátt af tekjuskatti.

Þannig er allt gert til að búa sem best í haginn fyrir erlend auðfyrirtæki á Formósu með vörn Chiang-klíkunnar og ódýru vinnuafli, einkum kvenna og barna en u.þ.b. 80% verkafólksins á þessum svæðum eru konur, meirihlutinn á aldrinum 14-24 ára.

Vegna fríðinda erlendu kapítalistanna standast innlendu fyrirtækin ekki samkeppnina og fara á hausinn unnvörpum. Erlendu fyrirtækin geta til dæmis hækkað verð innfluttra hráefna til innlendra fyrirtækja, eða stjórnað þeim í krafti tæknilegrar þekkingar sinnar og gert þau að dótturfyrirtækjum sínum. Í krafti fríðindanna stjórna þau miklu af inn-og útflutningi Formósu.

Þannig er ljóst að erlend auðfyrirtæki "eiga" Formósu, ráða henni í krafti leppklíku heimsvaldastefnunnar, Chiang klíkunnar, sem stjórnar að nafninu til.

Þótt erlendir kapítalistar "eigi" Formósu er hún hluti Kína og fyrr eða seinna mun heimsvaldastefnunni kastað burt af eyjunni og hún sameinast Kínverska alþýðulýðveldinu. (Byggt á Hsinhua).

Reynslan af yfirvinnubanninu

Dufþakur

Þá hefur að lokum tekist samkomulag milli Alþýðusambandsins og vinnuveitenda eftir að ASÍ-forystan gaf verulega eftir af upphaflegu kaupkröfu sinni, svo og kröfunni um fullar vísitölubætur á laun. ASÍ reyndi nú nýjar baráttuaðfeðir til að leggja áherslu á kröfur sínar, í stað hefðbundins allsherjarverkfalls var beitt yfirvinnubanni, starfsgreinaverkföllum og síðast en ekki síst skæruverkföllum. Hér er ætlunin að fjalla lítillega um þýðingu yfirvinnubannsins og hvaða áhrif það hefur haft fyrir verkafólk um lar.. allt.

Yfirvinnubannið kom til framkvæmda 2. maí og því lauk ekki fyrr en samningar höfðu verið undirritaðir. Í fyrstu kvörtuðu atvinnurekendur yfir því, að yfirvinnubannið hefði verið boðað með ólöglegum fyrirvara, svo bersýnilega hefur það komið við kaunin á þeim. Slíkt var náttúrulega fjarstæða ein, því enginn er skyldugur til að vinna yfirvinnu. Í fjölmörgum atvinnugreinum raskaði bann þetta nokkuð framleiðslunni, þannig að í ljós kom að hún var beinlínis skipulögð með það fyrir augum, að verkafólk yrði að vinna yfirvinnu. Og vissulega hefur margur lágtekjumaðurinn neyðst til að leggja á sig aukavinnu til að endar næðu saman. Þetta tvennt hefur því hvort tveggja haldist í hendur.

En ávinningurinn er kannski annar og meiri en sá að þrýsta á atvinnurekendur til að gangast að viðunandi samningum. Verkafólki hefur nú skilist betur en áður hvað það þýðir að vinna bara eðlilega dagvinnu. Frístundir manna hafa farið til ýmissa gagnlegra hluta og fjölmargar verkamannafjölskyldur hafa tengst traustari böndum. Mestur er ávinningurinn sá, að krafan um lífvænleg laun fyrir dagvinnu eingöngu hefur hlotið meira fylgi og öðlast meiri skilning hjá verkafólki en áður. Þjóðviljinn hefur birt nokkur athyglisverð viðtöl við verkafólk, sem vant var að vinna 10-12 stundir á dag og þar kem ur þessi skoðun greinilega í ljós. Sigrún Clausen, trúnaðarmaður í frystihúsinu á Akranesi, kemst þannig að orði í viðtali við Þjóðviljann 11. júní: "Um yfirvinnubannið er það að segja að við höfum uppgötvað að það er miklu meira mannsæmandi að vinna aðeins dagvinnuna. Við höfum getað gert ýmislegt sem við höfum áður orðið að sleppa. Hingað til hefur viðtekin skoðun verið sú að dagvinnukaupið sé ekki til að lifa á, heldur komi þar eftirvinnan til. Og fólk sér þetta núna þegar það fær viku eftir viku 17 þúsund krónur úr launaumslaginu. Þetta kemur sér mjög illa fjárhagslega fyrir marga. Við verðum að breyta þessu. Fólk á að geta lifað á dagvinnunni, og það er að uppgötva það núna."

Já, þessu verður vissulega að breyta. En því miður er hætt við því, að margur láglaunamaðurinn neyðist enn til að leggja á sig töluverða aukavinnu til að endar nái saman - um það vitna nýju samningarnir. Og ASÍ-forystan virðist ekki á þeim buxunum að berjast fyrir lífvænlegum launum, á meðan viðurkennt er að a.m.k. 150 þús. kr. þurfi á mánuði, þannig að hægt sé að komast sæmilega af, lætur ASÍ-forystan sér nægja að setja fram kröfuna um 100 þús kr. lágmarkslaun og kallar það að snúa vörn uppí sókn. Krafan um lífvænleg laun við 40 st. vinnuviku er þýðingarmesta krafa íslensks verkalýðs í dag. Hún er ekki bara "róttæk" kaupkrafa hún hefur líka félagslega og pólitíska þýðingu. En þessi krafa getur ekki orðið að veruleika fyrr en verkafólk hefur fylkt sér um hana og er reiðubúið að berjast fyrir henni til þrautar.

Dufþakur.



...í stuttu máli

Ógnarvopn í höndum lögreglu

Klassekampen, blað norskra marx - lenínista, hefur nýlega afhjúpað að norska lögreglan æfir sig í notkun vopna., sem bretar telja of hættuleg til notkunar á Norður- Írlandi.

Fólk á sunnudagsferðum úti í náttúrunni fann táragassprengjur og fleiri "óeirðarlægjandi" vopn á svæði sem reyndist vera æfingasvæði sérsveita lögreglunnar.

Meðal þessara vopna fundust sérstakar sprengikúlur, svonefndar "Multiple Baton Shells" þ.e. patrónur með 5 kúlum úr hörðum trjáviði. Breski herinn á Norður - Írlandi, sem er þekktur fyrir annað en mjúkar aðferðir, þorir ekki að beita þessu vopni.

Framleiðandi vopnsins segir í auglýsingarpésa ætluðum herforingjum og lögreglustjórum að það "dreifi skrílnum í skyndi" (scatters a mob in a hurry).

Norska lögreglan neitaði algerlega allri vitneskju um slík vopn en hefur nú neyðst til að viðurkenna að hún æfi notkun þeirra.

Krafa okkar er:
Lífvænleg laun fyrir 40 st. vinnuviku

Mikið hefur borið á því í kjarabaráttunni hve krafan um lífvænleg laun fyrir dagvinnu hefur hlotið mikið og aukið fylgi. Orsökin er einna helst þau viðbrigði sem orðið hafa á lífi fólks frá því það hætti að þræla yfirvinnu myrkranna á milli og þar til yfirvinnubanninu lauk. Þessa staðreynd má sjá af viðtölum fjölmiðla við verkafólk og hana má heyra í öllum umræðum verkafólks um kjaramálin. Því auðvitað hlýtur sú krafa sem miðar að því að stytta launafólki vinnudaginn og á við um allt vinnandi fólk, að vera eina krafan sem sameinar verkafólk og aðra vinnandi alþýðu í hagsmunabaráttunni. Stytting vinnudagsins er mjög mikilvægt pólitískt atriði því öllum er ljóst hvílíkum straumhvörfum það veldur þegar almennt verkafólk getur farið að taka virkan þátt í þeim baráttumálum sem upp koma milli verkalýðsstéttarinnar og burgeisastéttarinnar. Og þá ekki virkan þátt á þann hátt að vera einungis atkvæðaseðill fyrir misvitra metorðastritara heldur verkafólk á stéttargrundvelli sem leiðtogi fjöldabaráttunnar. Þannig verður stéttabaráttan leidd til fullra lykta. En tómt mál er að tala um styttingu vinnudagsins ef ekki kemur til hlutfallslega samsvarandi hækkun raunlauna.

ASÍ-forystunni tókst á sínum tíma um stundarsakir að blekkja verkalýðinn á þessu atriði. Hún tjáði verkafólki það að búið væri að ná 40 stunda vinnuviku takmarkinu en það reyndist bara vera á pappírunum.

Birgir Vilhelmsson trésmiður: Þetta er miklu betra en allsherjarverkfall, en þó hefði það sennilega flýtt meira fyrir samningunum. Yfirvinnubannið kemur hins vegar ekki eins illa við pyngju manna. Annars er þetta lúxus að vinna bara 8 tíma á dag, ef maður gæti bara lifað af þeim launum.

Jón Guðmundsson, þungavinnuvélstjóri: Ég hef tekið mér algjört frí. Meðal annars skrapp ég til Reykjavíkur og víðar um landið. Ég væri ánægður ef Íslendingar tækju Svía sér til fyrirmyndar og lærðu að vinna aðeins 8 stunda vinnudag og fengju lífvænleg laun fyrir.

Enn á ASÍ-forystan langt í land með það að uppfylla þetta takmark og hún kemur víst aldrei til með að gera það. Því ekki er raunverulegur vilji fyrir hendi, það hafa verkin sýnt og áður en hin ófyrirsjánlega hending gæti átt sér stað væru núverandi forystumenn ASÍ ellidauðir. Slík er endurbótastefnan. En sem betur fer er það einföld söguleg staðreynd að þeim íhalds-og afturhaldsmönnum sem standa í vegi fyrir framþróun, sem á sér stað vegna breyttra framleiðsluhátta þjóðfélaganna, er ávallt sópað inn á síður sögubókanna og þar fá þeir sem aftur úr dragast að gulna. ASÍ-forystan stenst engan veginn þær kröfur sem verkafólk gerir til hennar og því er orðið aðkallandi að fá nýja menn og nýja starfshætti til að knýja fram sigra í stéttabaráttunni. En barátta stéttanna getur ekki farið fram nema að litlu leyti með diplómatískum samningaumræðum forystumannanna. Þessi barátta gegnsýrir óhjákvæmilega allt auðvaldsþjóðfélagið og snýst í margvíslegum myndum um afstöðu stéttanna til framleiðslutækjanna og framleiðsluafurðanna hverju sinni. Baráttan milli borgarastéttar og verkalýðsstéttar kemur fram í mismunandi afstöðum til hinna ýmsu starfsháttа og hugmynda. Verkalýðsstéttin hefur það sögulega hlutverk að leiða þessa baráttu til sigurs. Sá sigur vinnst aðeins með þrautseigu, þolinmóðu og óeigingjörnu starfi, sem miðar að því að afnema séreignarréttinn á framleiðslutækjunum og að því að uppræta borgaralegar hugmyndir og starfshætti. Í dag eiga borgaralegar hugmyndir sér hæli innan verkalýðsstéttarinnar meðal þeirra manna sem vilja slá af þeirri réttlátu kröfu verkafólks um að geta lifað af dagvinnunni, svo dæmi sé tekið um skaðlegar hugmyndir. Þessar hugmyndir standa í vegi víðtækrar samfylkingar verkalýðsins á grundvelli stéttabaráttunnar fyrir því að ná þessari kröfu fram. En mikilvægt er að greina á milli þeirra sem ekki gera sér grein fyrir þeim slæmu afleiðingum sem það hefur fyrir verkalýðinn að hafa endurbæturnar að markmiði og hinna meðvituðu endurbótasinna sem með sínum þröngu hugmyndum eitra út frá sér meðal okkar.

....í pakkanum

framh. af bls 2

lur á flestum vörum haldist óbreittar í krónutölu, þ.e. hafa verið minnkaðar í reynd. Nú ætlar ríkisvaldið að nota það hagstjórnartæki sem niðurgreiðslurnar geta verið, með því að lækka verð landbúnaðarafurða, ekki eingöngu af umhyggju fyrir verkalýðnum heldur og ekki síður til að vísitalan hækki ekki um of þannig að atvinnurekendur þurfi að borga háar vísitölubætur. Það er atvinnurekendum í hag að ríkisvaldið noti miljarð af sköttum þeim sem hirtar eru af verkalýðnum til að halda niðri kaupmætti í landinu.

Í húsnæðismálum hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipa nefnd. Því miður er það bitur reynsla verkafólks af slíkum nefndum að þeim hættir til að sofna í starfi sínu.

Til að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipa tvær nefndir, og lög um þessi efni eiga að vera tilbúin 1979.

Lífeyrismál: Það sem einkum er athyglisvert í þeim atriðum sem ríkisvaldið ætlar sér að gera í þessum málaflokki eru breytingar á bótafjárhæðum almannatrygginga. Í "pakka" ríkisstjórnarinnar segir nefnilega að bær skuli hækka í sama hlutfalli og laun verkamanna. Í þessu atriði hafa hvorki fulltrúar ASÍ eða VSÍ rekið upp ramakvein yfir því að láglaunastefnan hafi verið brotin. Lífeyrisþegar sem búa við einna minnstan hlut í þjóðfélaginu, eiga að mati ríkisvaldsins (og væntanlega ASÍ og VSÍ sem ekki hafa mótmælt þessu atríði á neinn hátt) í engu að fá bætt kjaraskerðingar síðustu ára. Ef bæturnar hækka um mun lægri krónutölu en lágmarkslaunin margnefndu. Mikill hluti elli-og örorkulýfeyrisþega nýtur ekki greiðslna úr sterkum lífeyrissjóðum jafnvel þó þeir hafi e.t.v. greitt lífeyrisgjöld alla sína starfsævi. Kjör þeirra eru vægast sagt ekki mönnum bjóðandi. - Það er enginn jólaglaðningur í pakka þeim sem ríkisvaldið færir þessu fólki.

Þeir sem háværast tala um sérréttindahópa sem hirði meira en aðrir úr vösum atvinnurekenda ættu einnig að hugleiða hvort ekki sé e.t.v. nauðsynlegra að gefa gaum að hinum, sem atvinnurekendur og ríkisvald þeirra, losna við að greiða samkvæmt hinni margrómuðu launajöfnunarstefnu.

Þetta eru nokkur þeirra mála sem eru í pakka ríkisvaldsins í tilefni samninganna. Sumt virðist þar að vísu vera til bóta fyrir verkafólk, en önnur atriði orka tvímælis eða eru beinlínis staðfesting á kjaraskerðingu þeirri sem launafólk hefur orðið að þola. Og þau atriði vega þyngra.

Skipuleggjum ...

Framhald af forsíðu

kvæðagreiðslu, hvort verkafólk er tilbúið til að halda baráttunni áfram eða gera vopnahlé og safna kröftum er nauðsynlegt að við sjáum til þess félagar, hverjir í sínu verkalýðsfélagi, að ekki verði enn einu sinni rakin sama eftitgjafa og mistaka slóðin. Því hún hefur nú leitt til þess hve verkafólk er illa búið til baráttunnar miðað við atvinnurekendur. En í auðvaldsþjóðfélagi kemur barátta stéttanna upp aftur og aftur hvort sem hún er pólitísk eða fagleg. Og það kemur nýr dagur eftir hvern liðinn. Við munum því ekki hvetja til áframhaldandi verkfalla eins og nú stendur, heldur starfs að því að gera stéttarfélögin að virkum baráttutækjum fyrir þau stéttaátök sem framundan eru.

En verði hins vegar úr að samningarnir verði felldir munum að sjálfsögðu í engu skorast undan áframhaldandi baráttu. Það er mikilvægt að kunna að sækja hart fram en það er enginn góður sóknarmaður nema hann kunni að hörfa og verjast skipulega þegar á bjátar. Einungis þannig er hægt að skipuleggja enn harðari sókn eftir að sú fyrri hefur e-hverra orsaka vegna runnið í sandinn. Jafnframt verður að grafast fyrir um þær orsakir. Í stuttu máli: Við stígum eitt skref aftur á bak til að geta seinna stigið tvö áfram.

....Ísal

Framhald af forsíðu.

Verkfallið

21. júní kom til verkfalls í álverksmiðjunni og er það í fyrsta skipti í sögu þessarar verksmiðju, ef frá eru talin fáein skæruverkföll nokkurra iðnaðarmanna. Verkfallið náði til allra deilda á svæðinu og stóð í heilar sólarhring. Undanþága var hins veitt fyrir lágmarksþjónustu í kerskála, samkvæmt samningi, til að koma í veg fyrir tjón á framleiðslutækjunum. Samstaða var mjög góð, verkfallsvaktir voru skipulagðar allan sólarhringinn, en ekki kom til neinna verkfallsbrota, þó einstaka verkstjórar reyndu sitt til þess. Þó verkfallið hefði ekki nein veruleg áhrif á framleiðsluna eða gróða fyrirtækisins, var það þó fyrst og fremst til að sýna fram á alvöru verkamannanna í kröfum sínum. Verkfallið hafði aftur á móti þau áhrif að koma verulegri hreyfingu á samningaviðræðurnar, en fram að þeim tíma hafði Ísal hunsað nær allar kröfurnar.

Samningarnir

Enn sem komið er hafa samningarnir ekki verið bornir undir félagsfundi, en það verður gert í þessari viku. Talsverð óánægja er meðal starfsmanna með samningana, einkum og sér í lagi það atriði, að krafan um styttingu vinnuvikunnar náði ekki fram að ganga nema að óverulegu leyti. Vinnuvikan styttist aðeins hjá þeim, er vinna á þrískiptum vöktum, um 20 mín. á viku að jafnaði. Hins vegar verður engin stytting á vinnutíma þeirra, sem vinna á tvískiptum vöktum og dagvinnumanna. Vinnutímastyttingin var þó aðalkrafa verkamannanna í álverinu og þá einkum þeirra, er vinna þau störf þar sem óhollustan er hvað mest. Upphaflega krafan var sú, að virkur vinnutími (þegar talar er um virkan vinnutíma er átt við vinnutímann að frádregnum matar- og kaffihléum) dagvinnumanna yrði aldrei meir en 36 klst. á viku, og að vinnuvika vaktavinnumanna á þrískiptum vöktum yrði aldrei meir en 9/10 hlutar af vinnuviku dagvinnumanna, sem eru u.þ.b. 32 1/2 klst. Virkur vinnutími þeirra sem eru á þrískiptum vöktum er nú 36 klst. á viku með núgildandi samningum, þannig að ljóst er, að krafan um verulega vinnutímastyttingu hefur verið hunsuð að mestu leyti.

Framhald á baksíðu



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
24.tbl. 6.árg. 28/6. 1977.

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Möðrufelli 15
R.

Grænland

Takmarkaður réttur til eigin auðlinda

Nefnd sem skipuð er bæði dönum og grænlendingum og vinnur að gerð nýrrar stjórnarskrár fyrir grænlendinga, komst fyrir nokkru að samkomulagi um það, hver skuli hafa yfirráð yfir jarðefnaauðlindum Grænlands og hafsbotninum við strendur landsins. Í samkomulaginu er kveðið svo á, að grænlendingar hafi í grundvallaratriðum rétt til auðlindanna, en rannsóknir og nýting þeirra skuli samt háð samkomulagi grænlenska landráðsins við dönsku ríkisstjórnina.

Þetta samkomulag gengur vissulega skemur í þá átt að skerða rétt grænlendinga en danska ríkisstjórnin hefur ætíð hótað. Það er t.d. ugglaust flestum í fersku minni, þegar Anker Jörgensen, þáverandi forsætisráðherra dana, lýsti því fullum fetum yfir í sjónvarpsviðtali (sem m.a. var sjónvarpað hér), að Grænland væri aðeins einn hluti af Danmörku. Því væru auðlindirnar í og við Grænland réttmæt eign danska ríkisins, sem eitt hefði ráðstöfunarrétt yfir þeim. Nú virðist danska stjórnin hins vegar telja happadrýgra fyrir sig að beita minni hörku, án þess þó að sleppa í neinu arðránstaki sínu.

Því "samkomulagið" gengur þvert á þær kröfur sem grænlensk alþýða stendur einhuga að baki. Þ.e. kröfunum um að grænlendingum beri óskorðaður yfirráðaréttur yfir auðlindum lands síns. Þetta er enda ekki í fyrsta skipti, sem danska ríkisvaldið hundsar hagsmuni og vilja íbúanna í Grænlandi. Eitt dæmi um það var allsherjaratkvæðagreiðslan, sem fram fór um aðildina að EBE. Niðurstöður hennar urðu þær, að yfirgnæfandi meirihluti (yfir 70%) grænlendinga reyndist andvígur aðild að bandalaginu. Þrátt fyrir það var danska stjórnin svo ósvífin, að láta ekki einungis Grænland fylgja með þegar Danmörk gekk inn, heldur hefur fulltrúi hennar, Finn Olaf Gunderlach komið ótal sinnum hingað til lands til að bjóða íslensku útgerðarauðvaldi hlut af auðlindum grænlendinga í skiptum fyrir þorsk handa breskum og v-þýskum togurum.

Snemma árs 1979 er fyrirhuguð þjoðaratkvæðagreiðsla á Grænlandi um það hvort grænlendingar vilji "heimastjórn" eða ekki. Sjálfstæðishreyfing grænlendinga telur að slík heimastjórn sé einungis ein aðferð dönsku stjórnarinnar til að viðhalda áhrifum sínum og yfirráðum yfir grænlenskum auðlindum og landssvæði. Það "samkomulag" sem varð í stjórnarskrárnefndinni á dögunum staðfestir vissulega að sú fullyrðing á við rök að styðjast.



Á landgrunnunu við Grænland er álitið að sé að finna mjög auguð olíusvæði, þessi olía er ein af ástæðunum fyrir því að danska borgarastéttin vill ekki sleppa takinu á þessari nýlendu sinni.
Myndin sýnir verkamenn við olíuvinnslu á Grænlandi

Júlíus og svik ASÍ-forystunnar

Gífurleg óánægja hefur verið meðal verkafólks á Suðurnesjum vegna framkomu formanns Verkalýðsfélags Grindavíkur, Júlíusar Daníelssonar, bæði í verkfallsaðgerðum undanfarið og áður, en Júlíus þessi virðist stjórna félaginu sem nokkurs konar einræðisherra. Skulu hér tilfærð nokkur dæmi um hinar svívirðilegu starfsaðferðir hans.

Fyrir nokkru síðan auglýsti Verkalýðs og sjómannafélag Keflavíkur kauptaxta fyrir neta afskurð sem hljóðaði uppá kr. 575 pr.net. Nokkru síðar eru svo opinberaðir svikasamningar Verkalýðsfélags Grindavíkur sem hljóðuðu uppá kr. 450 pr.net.

Þann 5.des. síðastliðinn hélt félagið í Grindavík aðalfund, þar sem mættu 14 manns og var formannskjör m.a á dagskrá. Tveir menn voru í kjöri, Júlíus og Guðmundur Finnsson Atkvæði féllu 7-7 og situr Júlíus enn í formannssætinu. Ekki er alveg ljóst hvort stjórn og trúnaðarráð tók þá ákvörðun eða hvort sú saga er sönn, að þegar ljóst var hvernig atkvæði höfðu fallið hafi Júlíus sagt: "Ég er nú búinn að vera formaður svo lengi að ég verð það bara áfram", og það hafi verið látið gott heita.

Mánudaginn 6.júní höfðu verkalýðsfélögin á Suðurnesjum og víðar boðað allsherjarverkfall. Þann dag var ekkert verkfall í Grindavík. Þó svo að Júlíus hafi látið í það skína í viðtölum við fjölmiðla.

Yfirvinnubanninu hefur verið lítið sem ekkert framfylgt og hefur Júlíus verið óspar á undanþágur. Það skal tekið fram að þetta eru bara örfá dæmi af fjöldamörgum sem sanna svik þessa manns við málstað verkalýðsins.

Eins og áður sagði skapaði þetta mikla óánægju og var mikið um það rætt meðal verkfallsvarða í Keflavík, til hvaða ráða ætti að grípa til að stoppa þennan ófögnuð. Urðu menn sammála um það að heppilegast væri að gefa út dreifibréf, þar sem verkafólki í Grindavík væri gerð grein fyrir þessum málum og það jafnvel hvatt til að sparka Júlíusi við næsta formannskjör. Áður en farið var alvarlega að ræða um menn til að skrifa dreifibréfið tók starfsmaður V.S.F.K uppá þeim vafasama hlut að hringja í samninganefndina í Reykjavík og að hans sögn leist henni vel á hugmyndina og bauðst til að láta skrifa bréfið, sem hann og þáði. Svo gerist það í málinu, að þegar liðnir eru 4-5 dagar frá því að talað var við samninganefnd og mönnum farið að lengja eftir bréfinu, er þeim sagt að það sé væntanlegt til dreifingar næsta dag. En viti menn, þegar verkfallsverðir koma svo til starfa daginn eftir er þeim tjáð að hætt hafi verið við útgáfu dreifibréfsins og voru rökin þau, að áður en farið væri útí svo róttækar aðgerðir sem útgáfu dreifibréfs yrði samkvæmt skipulagsreglum ASÍ að halda fund með stjórn viðkomandi félags og reyna að fá hana til að bæta ráð sitt, en samkvæmt því sem best er vitað hefur það nokkrum sinnum verið reynt en lítið þýtt.

Þessi litla saga er enn eitt dæmið um starfsaðferðir hinnar svikulu ASÍ forystu, dæmi um það hvernig þessir uppkeyptu herrar reyna að halda öllum upplýsingum um svik hinna einstöku "foringja" leyndum og hvernig þeir reyna að halda verkafólki utan við alla ákvarðanatekt og utan við allt raunverulegt starf. Vonandi lærir verkafólk það á svona dæmum hve hættulegur óvinur stéttasamvinnan og erindrekar hennar innan verkalýðshreyfingarinnar eru allri alþýðu.


Rauða Stjarnan
Bókabúð

LINDARGÖTU 15.
SÍMI 27810.
OPIÐ 3 til 18.30.
alla virka daga

Sovét sendir vopn til höfuðs Eritreu

Kúbanskir "ráðgjafar" og sovésk vopn eru nú tekinn að streyma til Eþíópíu. Vopnunum mun síðan verða beitt gegn þjóðfrelsisbaráttu Erítreu.

Erítrea, sem liggur á strönd Rauða hafsins, hefur um árabil verið ólöglega hernumin af Eþíópíu. Nú er hinsvegar svo komið að þjóðfrelsishreyfingarnar ELF og ELFP hafa alla Eretríu á sínu valdi, að undanskildum sex bæjum.



Kapphlaup risaveldanna USA og USSR um hráefni og auðlindir Afríku, eru á kostnað Afrískrar alþýðu.

Eþíópía hefur lengi verið á áhrifasvæði Bandaríkjanna. En eftir ósigrana í Indókína er bandaríska heimsvaldastefnan hvarvetna á hröðu undanhaldi, jafnframt því að rússnesku heimsvaldasinnarnir reyna eftir mætti að fylla upp í "tómarúmið"

Það var um miðjan maí sl. að fyrstu 50 kúbönsku hernaðarráðgjafarnir komu til Eþíópíu. 500 til viðbótar voru væntanlegir á næstu vikum. Þá þegar hafði mikið magn sóvéskra vopna borist. Vikurnar á undan hafði síðustu bandarísku hernaðarráðgjöfunum verið skipað að yfirgefa landið.

Þessir atburðir eru enn einn þáttur í pókerspili rísaveldanna um yfirráðin yfir "hernaðarlega mikilvægum punktum", og hvorugur aðilin skeytir hið minnsta um óskir íbúanna í þeim löndum sem í hlut eiga. Það sem Sovétríkin sækjast eftir í Erítreu er Rauðahafsströndin og þar með yfirráð yfir siglingarleiðinni milli Miðjarðarhafs og Indlandshafs.

En Sovétríkin hafa fengið að reyna að það getur verið tvíeggjað að spila djarft. Kreml hafði tekist að tryggja sér flotastöðí Berbera í Sómalíu. Sómalía og Eþíópía eiga í landamæradeilum sín á milli. Eftir að Sóvétmenn hafa hafið vopnasendingar til Eþíópíu hefur forseti Sómalíu, Said Barre, gagnrýnt ásælni Sovétríkjanna og lýst yfir stuðningi Sómalíu við áætlanir um sameiginlegt varnarbandalag ríkjanna við Rauðahafið og friðlýsingu Rauðahafsins fyrir flotum risaveldanna. Þessar áætlanir eru einnig studdar af Alþýðulýðveldinu Suður-Jemen og Djibouti sem hlaut sjálfstæði þann 27, júní

Það voru stjórnir Egyptalands, Súdans og Saudi-Arabíu sem fyrst sáu í gegnum áætlanir Sovétríkjanna á Rauðahafi og höfðu frumkvæði um tillögur um friðlýsingu þess. Bæði Egyptaland og Súdan hafa dýrkeypta reynslu af ásælni sósíal - heimsvaldasinnanna, Egyptar hafa nú vísað öllum sovéskum ráðgjöfum úr landi, og í Súdan hafa Sovétríkin oftar en einu sinni staðið að samsærum um að steypa stjórn landsins. Súdan vísaði því öllum sovéskum "hernaðarráðgjöfum" úr landi nú í lok maí. Nú þegar Sovétríkin eru að hefja hernaðaríhlutun af stríðinu í Eretreíu með kúbönskum málaliðum og sovéskum vopnum skerpast andstæðurnar á þessu svæði, um leið og löndin kringum Rauðahafið þjappa sér fastar saman gegn ásælni Brésneffs og Kastrós.

....ISAL

Framhald af 3. síðu.

Ýmsar aðrar þýðingarmiklar kröfur náðu sömuleiðis ekki fram að ganga, en ekki er ástæða til að rekja það nánar hér. Hins vegar mega verkamenn nokkuð vel við una sjálfri kauphækkuninni miðað við verkamenn á almennum vinnumarkaði, þar sem prósentuhlutfallið er látið gilda og einnig að kauphækkunin gildir aftur fyrir sig eða frá 1. júní. Til dæmis að taka, þá fá þeir sem eru í hæsta launaflokki ófaglærðra verkamanna og eru á þrískiptum vöktum um og yfir 30.000kr. kauphækkun strax. Láglaunastefnan hefur sem sagt ekki verið látin gilda hjá starfsmönnum Ísal.

Þá ber og að geta þess, að verkamenn á þrískiptum vöktum fara betur út úr þessum samningum en dagvinnumenn, enda er óánægjan hvað mest meðal þeirra. En þetta er lævíst bragð hjá fyrirtækinu til að skapa sundrungu meðal verkamannanna, jafnframt því sem þeir reyna að tryggja sér það, að samningarnir verði samþykktir, því flestir vinna á þrískiptum vöktum. En úr því skera fundirnir í þessari viku og verður sagt frá þeim í næsta blaði.

GFRIST ÁSKRIFENDUR

Stéttabaráttan vikublað